

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndasvið

Umsögn Landssambands eldri borgara um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og lögum um málefni aldraðra. 145. löggjafarþing 2015–2016, þingskjal 35, 35. mál.

Markmið með frumvarpi þessu er að tryggja betur en nú er húsnæðisöryggi þeirra sem búa í einhverskonar búseturéttarsambandi og eru hvorki eigendur né leigjendur húsnæðis. Nokkur mál hafa komið upp á síðustu árum sem benda eindregið til að form og framkvæmd búseturéttarfyrirkomulags hér á landi sé ekki með ásættanlegum hætti hvað snertir m.a. löggjöf, eftirlit og rekstrarfyrirkomulag þannig að húsnæðisöryggi búseturárhafa sé tryggt.

Töluverður fjöldi aldraðra býr í þjónustuíbúðum sem reistar hafa verið af fasteignafélögum sem eru að stórum hluta í eigu sjóða sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og vel þekkt eru dæmi um að sparnaður einstaklinga hafi farið forgörðum þar sem eigur í formi íbúðarréttar, voru notaðar sem veðandlag við fjármögnun á ótengdri starfsemi þeirri sem búseturétturinn átti að ná til. Auk hins fjárhagslega taps hafa þær upptakomur sem orðið hafa skapað íbúðarréttarhöfum og fjölskyldum þeirra óöryggi og vanlíðan og valdið álitshnekki fyrir forsvarsmenn slík fyrirkomulags.

Landssamband eldri borgara telur að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu séu vel til þess fallnar að draga úr þeim ágöllum búseturéttarfyrirkomulagsins sem dæmin sanna að hafa verið til staðar og væntir þess eindregið að Alþingi samþykki frumvarp þetta.

28. september 2015

Með vinsemd og virðingu
F.h. Landssambands eldri borgara
Haukur Ingibergsson, formaður